



Betri Hafnarfjörður 2020



HAFNARFJÖRÐUR



Íbúalýðræði og aðkoma bæjarbúa að stjórnsýslu

„Er hægt að sjá af hverju þessu var hafnað?“



Verkefnið Betri Hafnarfjörður* hefur nú verið rekið um nokkurt skeið. Um er að ræða samráðs- og lýðræðisverkefni sem samþykkt var að ráðast í fyrir nokkrum árum.



Þessi samráðsvettvangur er að mestu óvirkur þó að þarna sé tækifæri fyrir íbúa til að koma áleiðis ábendingum. Ógagnsæi í ferlum og framkvæmd verkefnisins bendir til þess að það hafi ekki verið undirbúið nægjanlega vel.

Engir innri ferlar eru til staðar hjá Hafnarfjarðarbæ til að taka á móti ábendingum/hugmyndum á þessum vettvangi og koma þeim í umfjöllun innan fagsviða eða hjá nefndum og ráðum.

* <http://www.betrihafnarfjordur.is>

Í hnotskurn

- **Ekki eru til staðar ferlar** til þess að koma hugmyndum íbúa í framkvæmd eða koma þeim inn í skilvirkt ákvarðanatökferli.
- Vettvangurinn er að mestu **óvirkur** og ekki að sjá að hugmyndir sem þar koma fram séu vegnar og metnar af hálfu bæjarins.
- Af 65 hugmyndum er 28 merktar „í ferli“. Ein tillaga hefur verið samþykkt og einni hafnað og í því tilviki **koma ekki fram** ástæður þess að málinu var hafnað.
- Mikilvægt er að taka ákvörðun um framtíð verkefnisins. Ef vilji er fyrir því að halda áfram með verkefnið þarf að **móta stefnu**, ferla til að styðja við framkvæmd þess, tryggja að hugmyndir fái eðlilegan farveg, annað hvort til samþykktar eða höfnunar.

Íbúalýðræði og aðkoma bæjarbúa að stjórnsýslu

- **Taka ákvörðun um framtíð verkefninsins!**
Viljum við halda áfram að safna góðum hugmyndum?
 - **Móta stefnu og útbúa nýja ferla** til þess að koma hugmyndum íbúa í framkvæmd eða koma þeim inn í eðlilegan farveg, vega og meta þær af hálfu bæjarins annaðhvort til samþykktar eða höfnunar.
 - **Virkja vettvanginn** með því að kynna vefinn og tímabundnum átaksverkefnum, s.s. hugmyndasöfnun á íbúafundum í hverfum og setja á fót hverfapotta þar sem íbúar geta forgangsraðað fjárfestingum bæjarins innan síns hverfis.
 - **Merkja tillögur** sem eru komnar „í ferli“ og **gefa ástæður** fyrir því að málum sé hafnað
 - Skerpa á mun á hlutverki ábendingagáttar og Betri Hafnarfjarðar
-

Ábendingar

Við fögnum öllum ábendingum! Er eitthvað sem þarf að lagfæra í umhverfinu, þjónustu eða annað sem þú vilt koma á framfæri við starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar? Sendu okkur þá ábendingu takk fyrir.

Ef þú ert með almenna fyrirspurn sendu okkur þá tölvupóst á hafnarfjordur@hafnarfjordur.is eða notaðu fyrirspurnarmið.

Athugið: Ábendingar til barnaverndar skal senda beint í gegnum ábendingaform barnaverndar.

1. Upplýsingar um þig

Nafn* Netfang*

Símanúmer

2. Efni ábendingar

Efni ábendingar*


Ábending* Hámark: 1000 orð.

Mynd með ábendingu
 Veldu skrá með því að smella á formið eða draga mynd yfir. Ef þú notar síma er nóg að smella á hnappinn og taka mynd.

3. Staðsetning

Skráðu staðsetningu / heimilisfang í reitinn eða dragðu rauða merkið til á kortinu.

Hafnarfjörður



Ábendingagáttin

- Farvegur almennra ábendinga til úrlausna hjá starfsfólki bæjarins
- Staðfesting berst í tölvupósti og á vef með númeri ábendingar
- Starfsfólk þjónustuvers svarar þeim sem sendi ábendingu um hverjum hafi verið úthlutað verkefninu
- Kynnt í lok mars 2020, stöðug aukning í notkun, um 150 ábendingar á mánuði (maí 2020). 95% ábendinga til umhverfis- og skipulagssviðs
- Starfsfólk þjónustumiðstöðvar og framkvæmda- og rekstrardeildar fara daglega yfir ábendingar í Trello verkefnastjórnunarkerfinu
- Unnið að næstu útgáfu með öflugri bakenda í samstarfi 4ra sveitarfélaga (Reykjavík, Kópavogur, Árborg og Hafnarfjörður)
- Stærri ábendingum / hugmyndum vísað til nefnda og ráða
- Skerpa á hlutverki fyrir Betri Hafnarfjörð vs Ábendingagátt



Betri Betri Hafnarfjörður

- Betri Hafnarfjörður er vettvangur fyrir íbúa til að senda inn tillögur um hvernig við getum gert bæinn okkar betri með umræðuvettvangi og óformlegri atkvæðagreiðslu.
 - Á 2ja mánaða fresti verði tillögur sem hljóta mest fylgi teknar til afgreiðslu í nefndum og ráðum bæjarins
 - Almennar og minni ábendingar fari í gegnum feril ábendingakerfis bæjarins (vísa í reglur ábendingagáttarinnar) þar sem við veitum svör innan 24ra klst í hvaða farveg ábendingin fer eða gefa strax svar við ábendingu þegar það er hægt
-

Betri Hafnarfjörður



Þríþætt hlutverk

1. Rödd íbúa í nefndum og ráðum bæjarins. Efstu hugmyndir hverju sinni verði sendar til viðeigandi fagraða í lok hvers mánaðar/eða annan hvern mánuð.
2. Samráðsgátt fyrir önnur verkefni s.s. skipulag í kynningu sbr. skipulag miðbæjarins haustið 2019
3. Hugmyndir að forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefna í bænum

Hugmynd – kosning - framkvæmd

- Innsetning hugmynda – íbúafundir, hugmyndavefur
 - Skilyrði um hugmyndir
- Forgangsröðun og úhlutun fjármagns með kosningu
- Framkvæmdaáætlun byggð á niðurstöðu kosninga og aðgengileg á vefnum
- Þeim hugmyndum sem ekki ná kosningu verði komið í ákveðinn farveg, t.d. sem ábendingum til fagraða eða sem innleggi í skipulagsumræðu.




Skilmálar um hugmyndir í hugmyndasöfnun

- Verkefni þurfa að vera til fjárfestingar, ekki til rekstrar og varða umhverfi á bæjarlandi. Kostnaður einstakra verkefna sé ekki lægri en 1 milljón og ekki hærri en 25 milljónir kr.
- Líftími fjárfestinga skal vera að lágmarki fimm ár.
- Tillögur skulu samræmast skipulagi og stefnu bæjarins og skulu vera á fullu forræði bæjarins og ekki í samráði eða samningaviðræðum við aðrar stofnanir eða sveitarfélög.



Sofandi risi að vakna. Umferð um Betri Hafnarfjörð frá 2015



Hugmyndir að forgangsröðun og úthlutun fjármagns

